



Fundargerð

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 8. febrúar 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Lillý Ásrún Birkisdóttir og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er samþykkt ásamt þeirri á undan.

2. Verkefni félagastjórnar

Það er skortur á fólki í félagastjórn til að taka að sér mismunandi svæði á landinu. Stefnt er að því að hringja í flokksmenn til að bæta við fólki í stjórnina. Katrín og Guðmundur ætla að vinna með Lillý að því. Lillý treystir sér ekki til að halda áfram sem formaður félagastjórnar ef ekkert hefur þokast í þessu fyrir lok febrúar.

3. Starf í húsinu og í baráttuhópum og öðrum deildum flokksins

Ungir sósíalistar og meistaradeild hafa skipulagt fundi, femínistar hafa hist og skipulagt fundi. Rýnihópar munu hittast um helgina. Matarfundir hafa verið skipulagðir. Opið hús er í Bolholti milli 13 og 16 frá mánudegi til fimmtudags.

4. Maístjarnan, sem ekki má heita Maístjarnan

Aftur var talað um mögulega nafnið Maísólin og það var samþykkt.

5. Rýnihópar um næstu helgi

Laufey, Védís, Katrín og Guðmundur verða umræðustjórar og Sigrún sér um hressingu.

4. Fjármál flokksins

Flokkurinn: 1.913.940 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.742.533 kr., bankatrygging Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

5. Önnur mál

Katrín segir ganga vel að hringja út í almenning og að viðbrögðin séu vonum framar.